



Pétur Pétursson

AFREKSMÆÐUR AÐ NORÐAN

Fróðleiksmolar um Guðmund Hannesson og læknablað hans

Fyrir rúmlega 120 árum fékk ungur Húnavetningur á þriðja ári að hlýða messu í fyrsta sinn í sóknarkirkju sinni að Svínavatni. Eftirtekt hans var vakandi og hann hvergi ragur enda góðu atlæti og hvatningu vanur úr föðurhúsum. Sem hann gengur inn kirkjuna tekur hann eftir gati á morknu gólfinu. »Pabbi smíða gatið!« varð honum að orði við völundarsmiðinn föður sinn. Og er sóknarprestinum, séra Jóni Þórðarsyni, tók að dveljast við útlekkingar textans um systurina Maríu, sem smurði fætur frelsarans með ilmandi nardussmyrslum úr alabasturbuðki, þá hvarflaði sveinninn ungi augum til iðandi lífsins utan kirkjugluggans, þar sem tarfkálfur hljóp um töðuvöllinn. »Afi hnífa kálfinn!« kallaði þá drengurinn til afa síns, hreppstjórans og óðalsbóndans á Guðlaugsstöðum. Þeir Guðlaugsstaðafeðgar létu sér fátt um finnast, enda hefur þeim sjálfsagt ekki verið ljóst, að þarna talaði upprennandi skurðlæknir með sérstakt smíðsauga, sem alla tíð síðan fann hjá sér hvöt til að þoka hinum ólíklegustu málum áleiðis.

Guðmundur hét þessi drengur og fæddist að Guðlaugsstöðum í Blöndudal rétt fyrir göngur haustið 1866 og var sonur hjónanna Halldóru Pálsdóttur frá Hvassahrauni á Vatnsleysuströnd og Hannesar Guðmundssonar bónda á Guðlaugsstöðum og síðar Eiðsstöðum, sem víðkunnur var fyrir hagleik sinn á tré, járn og silfur. Guðmundur var heitinn eftir afa sínum, Guðmundi hreppstjóra Arnljótssyni, sem var sveitarhöfðingi og stórbóndi á ættaróðali sínu og sérstakur áhugamaður um bóklestur, hagnýtan fróðleik og framfarir til almannaheilla. Réði bókasafn hans líklega mestu um æfistarf sonarsonarins, en Guðmundur Hannesson sagði síðar, að fátt hafi sér verið jafn minnisstætt frá æskuárunum

og bækurnar og sú ánægja og fróðleikur, sem þær fluttu honum. Honum sagðist þannig frá: »Þessi lestrarfýsn mín átti vafalaust mikinn þátt í því, að ég var settur í skóla. Bæði foreldrar mínir og heimafólkið veittu því eftirtekt, að ég var mjög bókhneigður og tiltölulega fljótur að læra, en óvíst er, að mikið hefði á þessu borið, ef að engar bækur eða sárafaar hefðu verið til á heimilinu. Mér hefur síðan fundizt, að bókalausu heimilin séu kalblettir í þjóðfélaginu.« Og enn sagði Guðmundur: »Ég býzt við, að ég hafi ekki tekið öðrum börnum fram við hversdagslegu snúningana og verið ónytjungur við alla fjármennsku. Aftur bar snemma á því, að ég væri hneigður fyrir smíðar, og svo hafa fleiri af ættmönnum mínum verið.« Og loks úr sömu ritgerð: »Þá var annað einkennilegt í fari mínu á æskuárunum: Ég hafði ákafa löngun til þess að læra öll verk, sem ég ekki kunnir, og mun hafa verið venju fremur verklaginn. Meðal annars beit mér vel við slátt og ég þótti snemma góður sláttumaður.« (1) Hins vegar þótti Guðmundur fremur óglöggur á skepnur, en það þótti Guðlaugsstaðamönnum heldur ógæfumerki, því þar í ætt þekktu menn hvern haus í hjörð sinni með nafni. Sagt er að Guðmundi yrði það eitt sinn á að koma heim með hestana af næsta bæ, er hann var sendur eftir brúkunarhrossum heimilisins. Varð þá föður hans að orði: »Það er ég viss um, að það verður aldrei maður úr þér, Gvendur.« (2)

Um menntaskólaár Guðmundar er mér nærtækust þessi lýsing hans úr ritgerðinni *Andleg slys*, sem birtist í Læknabókinni 1949: »Á skólaárum mínum var ærið slarksamt í Latínuskólanum, sífelldar erjur milli pilta og kennara og drykkjuskapur algengur. Ég lenti um tíma í hópi drykkjumannanna, og varð þetta meðal annars til þess, að ég braut skólareglur, fékk nótur og sagði mig af þráa og stífni úr skóla, þó ekki þyrfti ég að óttast brottrekstur. Lá við sjálf, að ég fengi ekki aftur inntöku í skólann. Þó ég kæmist

Að stofni til var fyrirlestur þessi hluti hátiðardagskrár Læknafélags Akureyrar 8. september 1989 í tilefni af 75 ára afmæli Læknablaðsins. Barst 10/10/1989.

klakklaustr úr út öllu þessu og bæri höfuðið hátt, fékk þetta mikið á mig samfara ýmsu öðru, sem fyrir mig kom um sama leyti.« (3)

Ekki var Guðmundi þó signari larðurinn en svo, að hann sigldi félitill til Kaupmannahafnar til náms í læknisfræði í stað þess að nema við Læknaskólann í Reykjavík, en þeirri stofnun lýsti hann svo nokkrum árum síðar: »...skóli, sem hefur styttri námstíma, færri kennara, lélegri kennslufærni og minni verklega æfingu en nokkur annar læknaskóli heimsins, sem að nokkru er teljandi.« (4) Í Höfn voru hins vegar miklir umbrotatímar í læknisfræðinni, því smitgátin var að ryðja sér til rúms og olli hún straumhvörfum í sögu skurðlækninganna. Þeir nafnamir Guðmundur Björnsson og Hannesson voru samferða í námi en Guðmundur Magnússon nokkrum misserum á undan. Allir voru þeir Húnvetningar, eðli málsins samkvæmt og stunduðu námið af miklu kappi þrátt fyrir þröngan kost.

Að loknu fyrrihlutaprófi vorið 1891 veitti Guðmundur sér þann munað að skreppa heim til Íslands í sumarfrí sínu. Í þeirri för komst hann í tölu þjóðsagnapersóna norðanlands, er hann tók berklasollinn fót af hálfdaudum bónda í Tungusveit í Skagafirði. Presturinn á Mælifelli hafði forgöngu um stúfhöggið og leiddi þar saman læknastúdentinn Guðmund og héraðslækninn á Sauðárkróki, sem lítið hafði þá fengizt við skurðaðgerðir. Guðmundi varð ekki svefnsamt nóttina fyrir aðgerðina og fór hann yfir hana í hugarum stig af stigi og gekk svo á Mælifellshnjúk sér til hugarhægðar. Reitti hann í leiðinni djámosa í umbúðir, sem hann síðan sóthreinsaði upp úr karbólvatni. Sláturhníf prestsins tók hann svo með til vonar og vara, því ekki hafði hann allt of háar hugmyndir um skurðtölalæign eða smitgátarþekkingu héraðslæknisins, sem þó var sagður vænsti læknir. Héldu þeir klerkur síðan með mosann og hnífinn að bænum Stapa í Tungusveit, þar sem Jón Þorvaldsson bjó búi sínu með berkla í hné og ökkla. Var þar kominn Árni Jónsson héraðslæknir með áhöld sín og umbúðir og var þar ákveðið að taka fótinn af bónda um mitt læri. Bauðst Guðmundur til að sóthreinsa öll tæki og undirbúa aðgerðina, og þáði Árni læknir það, því nokkra nasasjón mun hann hafa haft af mikilkvægi smitgátar, þótt ekki væri hún orðin honum töm. Og eftir að Guðmundur

var búinn að sía óhreint neyzluvatnið og sjóða það ásamt aðgerðaráhöldunum lýsir hann gangi mála svo: »Þá var að hugsa um skurðarborðið. Það var ekki um annað að gera en brúka hurð og búa svo traustlega um hana sem kostur var á. Síðan varð að skipta verkum. Það var svo sem sjálfsgagt, að séra Jón svæfði sjúklinginn, en hitt kom mér dálítið á óvart, er Árni læknir spurði mig: «Hvort vilt þú heldur gera skurðinn eða aðstoða?» Ég svaraði hiklaust: «Ég vil heldur gera skurðinn, ef yður stendur á sama.» Það var hvort tveggja, að mig langaði til þess í aðra röndina, en hins vegar mun ég hafa óttast, að sóttkeikjuvarúðin kynni að fara út um þúfur hjá lækninum, sem ekki hafði fengið verulega æfingu í henni. Annars gekk aðgerðin greiðlega, án þess að ég sæi að neitt verulegt bæri út af, og svæfingin tókst ágætlega hjá séra Jóni. Dagurinn var víst merkisdagur fyrir okkur báða, ég hafði unnið mitt fyrsta læknisverk, þó að mikið vantaði á að ég ætti að heita fulllærður, og hann hafði í fyrsta sinn verið við handlæknisaðgerð, en hann mun hafa langað mikið til þess að læra læknisfræði, þó að það yrði úr að ganga á Prestaskólann.« (5)

Skagafirðingum mátti af þessu ljóst vera, að þarna fór maður mikillar gerðar og áræðis og boðberi nýrra tíma. Það átti líka eftir að sannast á starfi Guðmundanna þriggja, að smitgátin skipti sköpun um árangur aðgerða. Hins vegar þótti Hannesi bónda á Eiðsstöðum þessar gjörðir sonar síns bera nokkurrar ofdirfsku vott. -Þess má geta að aðgerðin heppnaðist ágætlega og greri Jón á Stapa sára sinna og komst til heilsu og sá eftir það sér og sínum farborða á heimasníðuðum tréfæti.

Guðmundur Hannesson gat sér hið bezta orð meðal Íslendinga í Höfn og þótti hann atorkusamur með afbrigðum og margvís og hinn greiðugasti á að miðla öðrum af fróðleik sínum, svo sem títt er um ættmenni hans. Hann lauk embættisprófi með láði 1894 og hélt síðan heim til Íslands án þess að taka neitt kandidateit á spítölum. Settist hann nú að á Sauðárkróki og tók við héraðinu af Guðmundi Magnússyni, sem þar hafði setið í tvö ár og hafði í heimahúsum skurðaðgerðir með smitgát og árangri á nútímavísu og fór því af honum mikið orð norður þar. Guðmundur Magnússon var nokkrum árum

eldri og hafði eytt tveimur árum í sérnám í handlækningum. Það hentaði því engum veifiskötum að setjast í sæti hans.

Á þessum tíma var húsakosti landsmanma og almennum hreinlætishugmyndum mjög ábótavant og sem afleiðing þessa og almennrar fátæktar voru hér landlægar holdsveiki, berklaveiki og sullaveiki og sugu merginn úr landsmönnum ásamt bráðu sóttunum taugaveiki, barnaveiki og lungnabólgu. Ungbarnadauðinn á þessum árum var 120 pró mille. Ofan á þetta bættist svo lús og njálgur til að krydda tilveru þjóðarinnar. Guðmundur Hannesson lét strax að sér kveða í Skagafirði og var honum vel tekið vegna einurðar sinnar og eðlislægrar manngæzku svo og fágætlega góðs árangurs í handlækningum. Honum varð dæmi forvera síns og nafna hvatning til dáða, enda hafði hann fullan metnað til að fylla sæti hans með sóma. Hann hafði aldrei séð holskurð, fyrr en hann fór að gera þá sjálfur, og á tveimur árum skar hann 11 manns á hol, líklega flesta við sulli með aðferð Volkmans, sem nafni hans hafði innleitt hérlendis. Árangur varð í flestum tilvikum góður, en fylgjum nú frásögn hans sjálfs, sem lýsir vel ýmsum eiginleikum hans: »Við seinasta sullasjúkling minn, gamla kjarkgóða konu úr Húnavatnssýslu, varð ég fyrir sérstöku óhappi. Ég gerði skurð í 2 atrennum, skar fyrst sundur magálinn og saumaði sullkúluna við hann, brenndi svo gat á sullinn eftir nokkra daga. Þá hafði, þótt ég yrði þess ekki var, garnarjaðar brotitzt út í sárið og gat komið á görmína við síðari aðgerðina. Kom brátt í ljós, að saur gekk út í sárið, mér til mikillar skelfingar. Eftir nokkra bið reyndi ég að lagfæra þetta með skurði, en tókst það ekki. Nú stóð svo á, að ég var að fara úr héraðinu, svo ég gat ekki stundað sjúklinginn lengur eða gert frekari tilraunir. Nú stóð svo á, að skip var að fara til Skotlands. Ég greip þá til þess ráðs að útvega konunni far með skipinu, gaf henni farareyri og skrifaði rækilega með henni til Royal Infirmary í Edinborg. Skotarnir tóku vel á móti konunni og skrifuðu mér síðar, að það hefði farið fyrir sér eins og mér. Þeir hefðu fyrst reynt að loka gamagatinu með skurði en það mistekist, en svo hefði allt gróið af sjálfu sér og konan komizt til fullrar heilsu. Þóttu mér þetta góð tíðindi. Konan fór síðan heim og leystu Skotar hana út með gjöfum. Á heimleiðinni kom hún til Akureyrar, og

hafði séra Matthías tal af henni. Hafði hún lært margt í þessum leiðangri, en kynlegar voru hugmyndir hennar um ýmislegt. Þannig sagði hún, að Skotar byggju í hömrum, sem þeir hefðu holað að innan, en göturnar væru stóreflis gljúfur, einnig gerð af mannahöndum. Henni þóttu Skotar vænt fólk og vel innrætt en furðanlega ókurteisir. Kvað hún þá hafa kallað hjúkrunarstúlkuna «meri» (Mary) og hefði hún þó verið bezta stúlka.« (5)

Í bókinni »Saga Sauðárkróks« segir Kristmundur Bjarnason: »Mælt er, að Guðmundi Hannessyni væri fátt ómáttugt, er hann beitti hnífnum, en sumum þótti minna koma til kenja hans varðandi heilsuvernd. Hann var með ýmiss konar «nýmóðsins tiktúror», og þær kostuðu hreppinn peninga.« (6) Hér á höfundur við lagfæringar þær á vatnsbóli staðarins, sem Guðmundur gekkst fyrir að ráðist var í, en áður var það óvarið fyrir hvers konar mengun frá skepnum og rusli, er þangað fauk. Hann barðist og fyrir byggingu sjúkrahúss, en fékk ekki um þokað. Hins vegar tók gullsmiður Skagfirðinga sjúklinga á heimili sitt og hjúkraði húsfreyja hans þeim, og í húsi hans, sem enn stendur, hafði Guðmundur skurðstofu sína. Á þessum árum trúði fólk því, að við hverjum sjúkdómi væri einhver ákveðin lækning í formi mixtúru eða einhvers lyfs, jafnvel plásturs, en trúði minna á forvarnir, skurðaðgerðir eða sjúkrahúsbyggingar. Sporgöngumaður Guðmundar á Sauðárkróki varð Sigurður Pálsson frá Hjaltabakka í Húnaþingi, og var hann bróðir Árna prófessors Pálssonar. Kristmundi farast svo orð í Sauðárkrókssögu sinni: »Sigurður læknir naut svo óvenjulegra mannheilla, að slíks munu fá dæmi í Skagafirði. Sjúklingar hans gátu þess, að návist hans hefði orðið þeim mikill þrautaléttir, þótt ekki kæmi til aðgerða. Hann var hress í anda, þelhlýr, bar með sér sólskin að sjúkrabeði. Hins vegar er í sögnum, að Guðmundur Hannesson og síðar Jónas Kristjánsson hafi bölvað hressilega, tvinnað og þrinnað, er þeir fengust við smærri aðgerðir, – sjúklingunum til hugarléttis og gaf góða raun. Virðast því báðar aðferðirnar gagnlegar, aðalatriðið að sýna ekki tilfinningaleysi.« (7) Guðmundur var manna hreinlyndastur, en engum blandaðist hugur um góðvild hans. Og enn segir Kristmundur Bjarnason: »Sagt var um Guðmund lækni, að hann léti sér ekkert

mannlegt vera óviðkomandi. Var naumast reist svo hús á Sauðárkróki, að hann kæmi þar ekki nálægt. Hefur hann sjálfur sagt frá því, er notkun þakjárns hófst þar. Negldi smiðurinn þá jafnan í lægðirnar á plötunum. Guðmundur benti á rétta aðferð.» (8)

Fyrir daga Guðmundanna voru læknar vantrúaðir á, að berklevi væri svo algeng hér sem síðar kom í ljós. Hafa þeir sennilega ekki þekkt sjúkdóminn, því þeir nafnarnir taka strax að greina fjölda tilfella, eins og framangreint dæmi Jóns á Stapa sannar. Guðmundur Hannesson fann allmarga sjúklinga með lungnaberkla og leiðbeindi um smitgát og gott viðurværi. Hann segir í Skagfirzjum fræðum frá ungum manni, sem til hans leitaði með ónýtan hnélið vegna langt genginna berkla, og ráðlagði hann stúfhögg, sem stráksi var gráðugur í, því hann hafði dreymt fyrir góðum árangri. »Bara að draumurinn viti þá ekki á, að þér deyið og verðið albata á þann hátt,« varð Guðmundi að orði, en ekki fékk það tilsvár haggð sannfæringu hins berdreymna ungmennis. Hann ákvað eftir endurtekna skoðun að reyna að nema brott skemmdina og gera staurlið og fékk þorpsmiðinn til að smíða fyrir sig tvo firtommunagla, sem hann sagðist ætla að negla mann saman með. Aðgerðin gekk vel og festi hann staurliðinn með því að krossnegla gegnum beinendana, og greri þetta ágætlega og komst maðurinn til fullrar heilsu og gat farið að stunda sjóróðra. Naglana tók hann síðar úr manninum og gaf honum þá til minja. Þjóðsaga myndaðist um þetta og streymdi fólk til þess staurfætta til að skoða naglana, og var þeim síðar stolið frá honum (5)

Það var með gagnkvæmri eftirsjá, að Guðmundur yfirgaf Skagfirðinga 1896 til að nema fæðingarhjálp og augnlækningar í Kaupmannahöfn um hálfis árs skeið. Hann settist síðan að á Akureyri og starfaði þar í 10 ár, eða til ársins 1907, er hann gerðist héraðslæknir í Reykjavík. Afköst hans á þessu tímabili voru algjörlega einstæð í íslenskri lækningasögu, því auk þess sem hann þjónaði sem héraðslæknir að mestu einsamall 4000 manna héraði, öllum Eyjafirði að Ólafsfirði og vestasta hluta Þingeyjarsýslu meðtöldum, þá gerði hann sem sjúkrahúslæknir álíka margar skurðaðgerðir og nafnar hans tveir syðra til samans, og lágu þeir þó ekki á

liði sínu. Auk beinna lækninga starfaði hann að forvörnum, upplýsingastarfi meðal lækna og almennings, kynnti sér húsagerð og skipulagsmál, sat í bygginganefnd Akureyrarkaupstaðar, teiknaði og stýrði byggingu íbúðarhúss síns, barnaskólahúss og sjúkrahúss fyrir 16 sjúklinga, sem hann flutti í 1899. Árangur hans við að fjármagna þá byggingu var í sjálfu sér meiri háttar afrek. Og á meðan sjúkrahús Reykjavíkur stóðu vannýtt vegna vantrausts og áhugaleysis almennings, þyrptust að honum sjúklingarnir úr nágrannahéruðunum, en aðstoðarlækni fékk hann fyrst 1902. Hann var mikilvirkur félagsmálafrömuður og hélt í þrjú ár úti handskrifuðu og fjölrítuðu læknablaði, sem hann vann að nær öllu leyti einsamall að efni og frágangi. Í hverjum mánuði handskrifaði hann með kollóttum stálar á vaxfilmu með þjöl að undirlagi átta síðna tímarit, sem hann hektógrafaði í eigin fjölrítunarvél og sendi hinum 17 læknum Norður- og Austuramtsins án annarrar þóknunar en sem svaraði póstburðargjöldum. Hann smíðaði og skar út, meðal annars flest sín húsgögn, skrifaði fjölda blaðagreina um bókmenntir og skáldskap, hollustuhætti og húsagerð og sjálfstæðismál þjóðarinnar, sem að hluta til birtust í bókinni *Í afturelding* 1906, sem vakti mikla athygli. Þar færði hann rök að því, að Íslendingar ættu þegar í stað að slíta sambandi við Dani. Þóttu hugmyndir hans byltingarkenndar en framsetning og hugsun með skýrasta móti.

Guðmundur var farsælega giftur afbragðskonu, Karólínu Ísleifsdóttur, sem vel studdi bónda sinn. Um heimilislíf hans segir Hulda Á. Stefánsdóttir svo í æfisögu sinni, en hún var í æsku heimagangur hjá fjölskyldunni: »Guðmundur var ákaflega góður heimilisfaðir og elskulegur faðir. Ekki var hann fyrr kominn inn úr dyrunum en hann var farinn að sinna börnunum sínum, tók Hannes litla á háhest sér, rölti með hann um stofugólfið, raulaði ljóð eða sagði okkur sögur. Læknirinn vissi og kunni allt. Við hinir krakkarnir hópuðumst í kringum hann og hlustuðum áköt á það, sem hann sagði.« Og Hulda heldur frásögninni áfram og segir frá því, er hún lá á hleri: »Það var ákaflega gaman að heyra lækni og sjúkling talast við. Oftast endaði samtalið, sem stundum var alllangt, á því, að sjúklingurinn spurði,

hvað þetta kostaði. Ef það var ung stúlka, var svarið oftast: «Ert þú vinnukona?» Og ef svo var, kostaði læknishjálpin ekkert. Guðmundur vissi sem var, að vinnukonur höfðu lág laun og úr litlu að spila. Ef aðrir voru betur efnun búnir, lét hann þá borga eitthvert lítilræði.» (9)

Guðmundur var einn af þeim, sem kenndu Akureyringum að meta klerk sinn, séra Matthías Jochumsson, sem þar lifði við þröngan kost með Guðrúnu konu sinni og fjölda barna. Grípum aftur niður í frásögn Huldu: »Nokkrir vinir séra Matthíasar, þeirra á meðal Guðmundur Hannesson lækni, Ragnar Ólafsson og faðir minn, gáfu honum allvönduð húsgögn í skrifstofuna, skrifborð, skrifborðsstól og eitthvað fleira því tilheyrandi. Ég ætla, að Guðmundur hafi jafnvel smíðað eitthvað af þessu, en hann var ofan á allt annað, sem honum var gefið, mesti hagleiksmaður. Skömmu eftir að gjöfin hafði verið afhent fréttu þeir þremmenningar, að húsgögnin hefðu verið flutt úr skrifstofunni inn í gestastofuna. Þar sem það var fyrirætlun þeirra að auðvelda skáldina að sinna sínum áhugamálum, vildu þeir ekki una þessum flutningum. Þeir gerðu sér hægt um hönd, fóru heim í «Sigurhæðir» og fluttu sjálfir húsgögnin á þann stað, sem þeim var ætlaður, skrifstofu skáldsins. Áður en þeir flutningar hófust, flutti Guðmundur nokkur velvalin orð í tilefni af heimsókninni.

Guðmundur Hannesson var einn af helztu vinum séra Matthíasar og studdi hann á ýmsa vegu. Ekki voru þeir þó sammála um alla hluti. Sérstaklega greindi þá á í trúmálum, enda Guðmundur talinn algerlega trúlaus, heiðinn, má víst segja. Þrátt fyrir það má víst þakka Guðmundi eitt merkasta trúarkvæði séra Matthíasar, «Guð minn, Guð, ég hrópa.» Það orti hann eftir að þeir höfðu, vinirnir, háð harða sennu um trúmál næturlangt, að því er mér hefur verið sagt.» (10)

Guðmundur Hannesson hefur stundum verið kallaður fyrsti íslenski arkitektinn. Hann var ekki skólagenginn í því fagi, en það bætti hann upp sem á öðrum sviðum með geysilegum bóka- og fræðiritalestri. Þótti minni hans óbrigðult framan af, en þó réði mestu verksvit hans og áhugi á öllu því, er til framfara horfði með þessari fátæku, fáfróðu og sullaveiku þjóð. Hann benti margoft á það, að bættur efnahagur, matarhæfi og húsakostur

alþýðu réði meiru um heilsufar en tilburðir læknanna. Hann kaus sér seinna að grafskrift: »Hann kenndi Íslendingum að byggja hlý hús.« Það gerði hann í orði og verki, því við smíði íbúðarhúsa sinna og sjúkrahússins, sem nú er að stofni til Skíðastaðir í Hlíðarfjalli, var fitjað upp á fjölmörgum nýjungum, einkum varðandi einangrun og ýmis þægindi svo sem rennandi vatn, mistöðvarhitun og vatnssalerni. Hann var fyrsti áróðursmaður steinsteypunnar hérlendis og skrifaði bæði bækur og tímaritsgreinar um húsagerð til sjávar og sveita.

Frægastur varð Guðmundur af skurðlækningum sínum norðanlands. Eftir að aðstæður bötnuðu með tilkomu nýja sjúkrahússins 1899 gerðist hann afkastamikill á sviði augnskurðlækninga, svo sem Guðmundur Björnsson hefur gert grein fyrir í Læknablaðinu 1975. Kveður hann engan héraðslækni fyrr eða síðar hafa tekið svo til höndunum með jafn góðum árangri. Hann réðist ótrauður í ýmsar aðgerðir, sem lítt eða ekki höfðu verið gerðar hérlendis áður, svo sem heilaskurði, og sarkmein úr efri kjálka nam hann hjálparlaust brott úr manni, sem sat í skrifborðsstólnum hans. Æxli skar hann úr grindarholi ófrískrar konu, og er hann hafði lokað skurðinum, klappaði hann á keisina með þessum orðum: »Við sjáumst seinna, karlinn!« Í móðurlífínu hvíldi þá sveinbarn, er síðar bar nöfn þeirra hjóna og helgaði heilbrigðisþjónustunni krafta sína, Guðmundur Karl Pétursson, síðar yfirlæknir á Akureyrarspítala. Fyrstu botnlangatöku hérlendis framkvæmdi hann á Ingólfi Gíslasyni, héraðslækni í Reykdælahéraði, sem lengi lá milli heims og helju hér á spítalanum hjá honum en komst til fullrar heilsu á ný, og má um þessa sögulegu aðgerð lesa í Læknablaði GH og æfisögu Ingólfs sjálfs. Guðmundur hafði tröllatrú á kunnáttu sinni í smitgát svo og dómgreind sinni og handlagni. Með velgengninni óx honum kjarkur og þor og réðist í æ stærri aðgerðir.

Um þessi mál tjáði hann sig af alkuinnri hreinskilni í Læknablaði sínu: »Það lítið jeg kann í kirurgi hef jeg lært á þann glæfralega hátt, að jeg lagði út í að operera allskonar kirurgiska sjúkdóma í hreinustu forherðingu. Í fyrstu var ég hundheppinn og fólkið fjekk því fljótt trú á mjer, en sjálfur varð jeg öruggari en áður í því að halda áfram.

Pegar jeg nú hugsa um hvort þetta hafi verið rjett aðferð eða ekki, þá svara jeg hiklaust nei. Eina afsökunin, sem jeg hef er sú, að jeg hafði ekki um marga staði að velja til þess að senda sjúkl. mína til. Guðm. Magnúss. var eini maðurinn hjer á landi, sem um var að tala, en jeg efaðist þá aptur um, að munurinn á okkur væri svo stór, að það borgaði sig að flækja sjúkl. suður í Rvk. Til útlanda treystust aptur fáir að fara.«

Guðmundur taldi rétt »... að byrja á því einfalda smáa, en sýna því sóma og vanda sig á því sem verða má, færa sig síðan smám saman upp á skaptið, eptir því sem æfingin vex og traustið á sjálfum sjer ».....« -Auðvitað brýtur nauðsyn lög, ef eitthvert skaðræði ber að höndum, sem læknir er neyddur til að ráðast í, eða láta sjúklinginn. deyjja. Þá má ekkert hik eiga sér stað. Reyna verður hann operationina.« (11)

Með útgáfu læknablaðs síns 1901-1904 reisti Guðmundur Hannesson sér óbrotgjarnan minnisvarða, sem Þóroddur Jónasson hefur gert góð skil í Læknablaðinu 1987. Aðaltilgangur hans með útgáfunni var að *rjúfa einangrun* þeirra 17 lækna á Norður- og Austurlandi, sem störfuðu einsamlir og dreifðir við erfiðar aðstæður og afleitt vegasamband. Upphafsorð Guðmundar eru þessi:

»Stjettarbræður mínir!

Ykkur, sem búið í einveru og einstæðingshætti eins og jeg, sem hittið sjaldan kollega og sist nema í svip, verðið einir að ráða fram úr öllum og einir að bera áhyggjurnar, – ykkur sendi jeg þennan blaðsnepil, sem nokkurs konar fyrirrennara íslenzks læknablaðs, sem betur sje úr garði gjört.

Jeg gjöri þetta af því mjer leiðist þessi einstæðingsháttur og þykist vita að svo muni fleirum finnast, en hygg að blaðið geti, ef til vill, bætt lítið eitt úr honum, þó ófullkomið sje. -« (12)

Hann ætlaðist til að læknar skiptust á um að leggja til efni í blaðið, en raunin varð sú, að hann skrifaði það nánast einsamall. Hann reyndi að fá menn til að senda fréttir úr héruðum sínum og var sjálfur duglegastur við það. Blaðið er fágæt heimild um viðfangsefni hans og frásagnarmáta. Það inniheldur

fjölmargar lærdómsríkar sjúkrasögur, og dró hann ekki sízt fram í dagsljósið mistök sín öðrum til lærdóms. Segir það mikið um manninn og þörf hans að miðla öðrum. Hann leitar áhlits starfsbræðranna á flóknum tilfellum úr eigin sjúklingahópi. Hann sagði: »Í stað interessuleysis, fátæktar og einstæðingsháttar, þurfum vjer að fá lifandi áhuga, glöggva þekking, velmegun, bróðurhug og samvinnu milli vor, ísl. lækna.« (13) Í blaðinu rak hann áróður fyrir auknum samskiptum lækna og reyndi að koma á læknafundi, en þar mættu aðeins tveir starfsbræður hans. Hann stofnaði lestrarfélag lækna, sem í samvinnu við ámtsbókasöfnin keypti fræðibækur í læknisfræði, en boðsendingar gengu ekki sem skyldi svo félagið lognaðist út af. Þó var blaðinu og tillögum hans öllum tekið fagnandi en meira í orði en á borði.

Annað aðalstef Læknablaðs GH var að *auka þekkingu og efla færni lækna*. Guðmundur reyndi ávallt að leita sannleikans í hverju máli og ryðja úr vegi kreddum og hégiljum. Uppsakar hann ekki alltaf verðskuldaðar vinsældir fyrir. Hvert tölublað innihélt oftast einhverja yfirlitsgrein um læknisfræðilegt efni, þar sem kennarahæfileikar hans komu vel í ljós. Framsetning var skipuleg og kristallstær og ávallt var frásögn hans krydduð dæmum úr eigin reynslu með það að leiðarljósi að koma lesanda að sem mestum notum í erli dagsins. Hann fjallaði meðal annars um augnsjúkdóma, gamastíflu, barkakýlisbólgu, barnaveiki, undirmigu, iðrasótt, njálg, reform, sullskurði, berklaveikivarnir og barnsfararsótt og auk þess skrifar Steingrímur Matthíasson grein um barnadauða á Íslandi með tilheyrandi línu- og stöplaritum. Hann hvatti menn til að gera grein fyrir farsóttum og sameinast um skýrslugerð og heimildasöfnun, sem varpað gæti ljósi yfir það sem óljóst var. Hann reyndi að kenna mönnum að beita vísindalegum hugsunarhætti við lausn daglegra vandamála og lagði þunga áherzlu á skýrslugerð og sjúkraskrár. Hann rak áróður fyrir bættum vinnubrögðum lækna, fræddi þá um sóttvarnir og smitgát og lýsti fyrir þeim, hvernig standa ætti að ýmsum aðgerðum, sem hann hvatti þá til að gera. Í miðjum barnaveikifaraldri 1901 ritar hann svo: »Það er óttalegt hve margir ísl. læknar veigra sjer við að gjöra tr.(acheotomi) við croup! Jeg er viss um að það er jafnsjálfsagt, þegar illa horfist á, eins

og að hjálpa konu í barnsnauð og það er engu erviðara! Þó er þetta bersýnilega vanrækt í stórum stíl, því annars gæti það tæplega komið fyrir í skýrslum lækna, að af 11 sjúkl. deyi 11! Þetta þarf að breytast. Mjer finnst enginn geta verið læknir, sem veigrar sjer eitt augnablik við að gjöra tracheot., ef á þarf að halda.« (14) Og síðan kemur nánari útlistun á framkvæmd aðgerðar auk dæmisagna úr eigin starfi. Það kemur fram í síðari tölublöðum, að þarna sáði Guðmundur í frjóan akur. Auk þessa finnast víða í blaðinu hagnýtar upplýsingar um, hvar gera megi góð kaup í áhöldum og lyfjum.

Síðameistarinn og hugmyndafræðingurinn kveður þriðja aðalstefið á síðum Læknablaðs GH. »Hverjir erum við, íslenzkir læknar, og hvernig ættum við að vera,« er síendurtekin spurning. Hann taldi íslenska lækna vera góða menn en laka lækna og rökstuddi það auðvitað á viðeigandi, persónulegan hátt. Hann kom með fjölda tillagna til úrbóta og hrinti sumum í framkvæmd. Hann áleit fátækt standa læknum mjög fyrir þrífumm og hana taldi hann einkum stafa af því, að þekkingu þeirra og lækniskunnáttu væri ábótavant, þannig að þeir sinntu ekki þeim verkum, er gæfu þeim arð; að þeir væru skýtingarlausir um sjúklingana, sendu meðul án þess að skoða sjúkling og létu þar við sitja í stað þess að fá hann til eftirlits; og í þriðja lagi, að þeir væru hirðulausir um bókfærslu. Gaf hann glöggar leiðbeiningar um bókhald og sjúkraskrárgerð. Hann hafði hina mestu andstyggð á hvers konar loddaraskap og óvísindalegum vinnubrögðum í læknisfræði: »Öll vor tímarit og bækur eru full af allskonar receptum, en það er sannarlega ástæða til þess að vara við þeim flestum! Ekki eitt af hundraði er verulega gott eptir minni reynslu og mjer er satt að segja hrein ráðgáta, hvernig góðir menn skuli trúá á og ráðleggja öðrum sumt af þessari vitleysu.« Og áfram: »Einhver illgjarn náungi hefur sagt að þegar læknar skrifi recept sín megi með sanni segja: Faðir fyrirgef þeim, því þeir vita ekki hvað þeir gjöra!« (15) Hann fór hörðum orðum um drykkjuskap íslenzkra lækna og kannaði hljómgrunninn fyrir stofnun bindindisfélags lækna, sem líklega hefur enginn verið. Hann færði fyrir því sterk rök, að lækningar sem slíkar skiptu engum sköpum fyrir velferð þjóðarinnar. Aftur á móti sagði hann:

»Læknanna helsta ætlunarverk er prophylaxis, en til þess að geta unnið að þessu, verða þeir að vera forvígismenn kúlturinnar.« »Allir af oss hafa efalaust, þegar þeir tóku við embætti, hugsað nærfelt eingöngu um, að afla sjer meðalaförða og kir. áhalda, en ætli nokkur hafi byrjað á því, að brjóta heilann í sanitæru ástandi hjeradsins, hve hátt mortalitet væri þar, af hverjum ástæðum það væri svo hátt, hvernig það mætti laga, hvernig taka mætti á móti drepsóttum— ? Jeg fyrir mitt leyti gjörði það ekki, og þó hefði það verið rjett.

Nú er fyrirbygging sjúkdóma svo náð tengd andlegri og líkamlegri framför þjóðarinnar, menntun hennar og menningu, að fyrir þessu þarf að berjast ef hinu á að verða ágengt. Læknarnir ættu að vera fremstir í flokki!« (16) Og þessum boðskap fylgdu svo ýmsar gagnlegar ábendingar, meðal annars um sóttvarnir og meðferð ungbarna. Á fyrstu árum sínum syðra, vann hann svo brautryðjendastarf við skólaheilsuvernd, sem Baldur Johnsen fjallaði um í Læknablaðinu fyrr á þessu ári.

Fjórdða aðalþema Læknablaðs GH var skipulag heilbrigðisþjónustunnar og sjúkrahúsbyggingar, sem hann var ákafur áróðursmaður fyrir. Hann birtir í blaði sínu uppdrætti að sjúkraskýlum og kemur með ýmsar hagnýtar tillögur þar að lútandi.

Þar kom, að Guðmundur hætti tilraun sinni til blaðaútgáfa lækna. Hann tók þó síðar upp þráðinn og varð fyrsti ritstjóri Læknablaðsins núverandi, sem hóf göngu sína 1915, og fyrsta aldarfjórðunginn var hann langafkastamesti höfundur þess. Hann flutti til Reykjavíkur 1907, þá rúmlega fertugur að aldri. Hef ég því aðeins gert skil fyrsta fjórðungi læknisæfi hans og það heldur laklega. Í Reykjavík var hann héraðslæknir til 1911 og færði margt til betri vegar; gerðist meðal annars fyrsti skólalæknirinn héraðs og kom á matargjöfum til skólabarna. Hann kenndi við læknaskólann líffærafræði, yfirsetufræði og heilbrigðisfræði og tók svo við embætti prófessors í þessum greinum við Háskólann 1911 og sinnti lítt lækningum eftir það. Var kennsla hans rómuð og ekki síður vísindastarf hans á sviði mannfræði, er hann á árunum 1920-23 mældi einsamall 1100 fríska Íslendinga hátt og lágt og athugaði fjölda líkamseinkenna og vann úr á tölfræðilegan hátt. Ritgerð hans,

Körpermasse und Körperproportionen der Isländer þótti þá frábært vísindaafrek meðal mannfræðinga. Hann þýddi fjölda líffæranafna og lækisfræðiheita og skráði á bækur. Hann var rektor háskólans í fáein ár og leysti landlækni af í nokkra mánuði og lagði þá grunninn að íslenskum heilbrigðisskýrslum, sem athygli vöktu víða um heim hér áður fyrr. Hann sat á Alþingi í nokkur misseri, en undi sér þar illa, enda starfsmaður mikill og sagður gleggri á málefni en menn. Hann var lengi formaður Læknafélags Íslands og vann stórafrek í þess þágu og sást stundum lítt fyrir í stéttvísi sinni. Hann var stjórnarmaður og heiðursfélagi í hinum ýmsu félögum, og heiðursdoktor varð hann við Háskóla Íslands. Ritverkaskrá hans telur nokkur hundruð titla bóka, bókarkafla, tímarits- og blaðgreina auk fjölmargra þýðinga. Hann lagði drjúga hönd á plóg í bygginganefndum Landspítalans og Háskólans. En mest urðu þó áhrif hans á sviði skipulagsmála, því hann reit 1916 fyrstu og einu bókina, sem Íslendingur hefur skrifað um skipulagsmál. Hann samdi drögin að fyrstu skipulagslögunum frá 1921 og starfaði ásamt Guðjóni Samúelssyni og Geir Zoëga um margra ára skeið í fyrstu skipulagsnefndinni, er meðal annars gerði aðalskipulag fyrir alla helztu kaupstaði á Íslandi, sem sum eru enn í gildi.

Guðmundur eyddi ellinni á friðstóli í faðmi fjölskyldu sinnar. Hann hóf hvern dag síðustu árin á því að þýða tvær til þrjár blaðsíður úr grísku sér til skemmtunar. Að því loknu tók hann að sinna ýmsum öðrum störfum, lesa, skrifa, uppræða barnabörnin og kenna þeim lestur og þar fram eftir götunum. Hann hlaut hægt andlát áttæður og enn vel ern. Um hann látinn reit Jón Steffensen merka ritgerð, þar sem hann lýsti honum svo: »Guðmundur Hannesson var vel meðalmaður á hæð, skarpholda, snar og kvikur á fæti. Hann var hvasseygur með ljósblá augu og ljóshærður, en varð snemma sköllóttur, kinnbeinahár, fölleitur og toginleitur. Ræðinn var hann og fjörmaður mikill, en þó hófsamur. Kaffisopinn þótti honum góður, og neytti hann víns, sem sjaldan bar við, þá neytti hann víns og var ekki hálfur í neinu.« (17)

Og síðasta orðið um þennan afreksmann að norðan fær Helgi Tómasson: »Ég held, að Guðmundur Hannesson hafi verið einn af mestu andans aðalsmönnum hér á landi á

seinni árum. Hann var drengskaparmaður, sem vildi aldrei nema vel. Hann var vitur maður og geysilega margvís. Hann var risi innan læknastéttarinnar. En auðmjúkur sonur Íslands.« (18)

HEIMILDIR

1. Guðmundur Hannesson. Frá æskuárunum. Læknabókin. Rvík 1949: 11-26.
2. Anna Guðmundsdóttir. Dr. Guðmundur Hannesson prófessor. Faðir minn – lækirinn. Rvík 1974: 83-107.
3. Guðmundur Hannesson. Andleg slys. Læknabókin. Rvík 1949: 27-38.
4. Guðmundur Hannesson. Læknablað GH 1902; I: 2.
5. Guðmundur Hannesson. Endurminningar úr Skagafirði. Glóðafeykir, skagfirzk fræði VI. Rvík 1945: 12-44.
6. Kristmundur Bjarnason. Saga Sauðárkróks. Fyrri hluti, Akureyri 1969: 315.
7. Kristmundur Bjarnason. Saga Sauðárkróks. Síðari hluti I, Akureyri 1971: 317.
8. Kristmundur Bjarnason. Saga Sauðárkróks. Fyrri hluti, Akureyri 1969: 317.
9. Hulda Á. Stefánsdóttir. Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur II – Æska, Rvík 1986: 31.
10. Hulda Á. Stefánsdóttir. Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur II – Æska, Rvík 1986: 94.
11. Guðmundur Hannesson, Læknablað GH 1903; II: 78-9.
12. Guðmundur Hannesson. Læknablað GH 1902; I: 1.
13. Guðmundur Hannesson. Læknablað GH 1902; I: 11.
14. Guðmundur Hannesson. Læknablað GH 1902; I: 53-4.
15. Guðmundur Hannesson. Læknablað GH 1904; III: 2-3.
16. Guðmundur Hannesson. Læknablað GH 1903; II: 2.
17. Jón Steffensen. Látinn háskólakennari. Árbók Háskóla Íslands 1946-7: 80-90.
18. Helgi Tómasson. Guðmundur Hannesson prófessor. Læknablaðið 1947; 32: 100-12.